

## Mál nr. 6/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 3. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 6/2012:

X  
gegn  
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X dagsettu 16. mars 2011 sem barst siðanefnd 30. mars er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við lög Hundaræktarfélags Íslands sem og grundvallarreglur fyrir félagsmenn. Í kærinni er vísað til fjölmargra atvika sem að mati kæranda X sýna að kærði Y hafi brotið reglur HRFÍ ítrekað með því að vinna gegn markmiðum HRFÍ, skaða orðstýr félagsins m.a. með því að villa á sér heimildir og láta að því liggja að félag, er hann var einn stofnanda að, starfaði undir merkjum HRFÍ bæði hérlandis og erlendis. Birta þannig merki HRFÍ og FCI á heimasíðu félagsins án heimildar. Sniðganga reglur og ákvarðanir HRFÍ með því að stunda varnarþjálfun í trássi við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ sem og reyna að halda hér á landi námskeið í varnarþjálfun.

Kæran var send kærða Y til umsagnar og honum gefinn frestur til að andmæla til 28. apríl. Svör bárust ekki innan frestsins og því var send ítrekun 16. maí. Kærði Y svaraði ekki og ítrekaðar tilraunir siðanefndar til að boða kærða Y á sáttafund voru án árangurs þar til loks náðist símasamband við hann og hann boðaður á sáttafund 15. nóvember. Boðaði kærði Y forföll á sáttafundinn en hann var síðan haldinn á skrifstofu HRFÍ 30. nóvember. Á sáttafundinum voru nokkrar umræður um efni kærunnar en kærði Y hafnaði því alfarið að hann hefði gerst brotlegur við lög félagsins og grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ. Á fundinum afhenti kærði Y andmæli við kærinni þar sem hann krafðist þess að kærinni yrði vísað frá siðanefnd þar sem hann taldi að kærinni væri ranglega beint að sér. Siðanefnd setti fram tillögu um sáttameðferð í þeirri viðleitni að kanna hvort hægt væri að ná sáttum þannig að ekki þyrfti að koma til þess að málið yrði úrskurðað og var málsmeðferðinni frestað af þeim sökum í þrjá mánuði. Á fundi siðanefndar 20. mars s.l. mættu aðilar aftur á fund hjá nefndinni en allar tilraunir til að ná sáttum milli aðila reyndust árangurslausar. Kærandi X krafðist þess að kæruefnið yrði tekið til efnislegrar úrlausnar en kærði Y ítrekaði kröfu um að kærinni yrði vísað frá en lýsti því jafnframt yfir að hann teldi ekki þarft að gera grein fyrir

sjónarmiðum sínum skriflega né leggja fram önnur gögn til fyllingar þeim skýringum er hann hafði gefið munnlega á fundi siðanefndar. Var málið tekið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja en nefndin tekur sjálfstæða afstöðu til sönnunargildis framkominna yfirlýsinga og þeirra gagna sem fyrir liggja við úrslit málsins samkvæmt 10. gr. málsmeðferðarreglna sem siðanefnd hefur sett sér.

## II. Stofnun og þátttaka kærða í starfi Dobermann Ísland.

Kærði Y er einn stofnanda Dobermann Íslands og er í kærinni borið undir úrskurð siðanefndar sú háttsemi kærða Y sem félagsmanns í HRFÍ að hafa sett félagið á laggirnar ásamt því að hafa tekið þátt í því starfi enda telur kærandi X að starfsemi óviðurkenndra hundaræktarféлага eða annarra féлага sem fara inná almennt starfssvið HRFÍ, fara gegn starfsemi HRFÍ, enda sé ekki tryggt að farið sé eftir sama regluverki, mati og skrásetningu og ekki sé til að dreifa tilhlýðilegu eftirliti og ábyrgð með starfsemi félagsins. Einu gildi þótt óviðurkennd félög lýsi því yfir að þau fari að reglum HRFÍ – án viðurkenningar er öll starfsemi slíkra féлага HRFÍ óviðkomandi og ekki talin markmiðum félagsins til framdráttar.

Í kærinni er gerð grein fyrir tengingu HRFÍ við FCI (Fédération Cynologique Internationale) og ræktunardeildir innan HRFÍ. FCI séu stærstu samtök hundaræktarféлага í heimi með aðildarfélög eða samstarfsfélög í 83 löndum. FCI viðurkenni aðeins eitt hundaræktarfélag í hverju landi eftir ítarlega úttekt og meðmæli, en í því felist viðurkenning á ættbókum þess, dómurum, sýningum og vinnuþrófum. Miklir hagsmunir séu því fólgnir í aðild að samtökunum. Samtökin gefi út staðla (*e. standard*) fyrir hvert hundakyn sem öll aðildarfélögin viðurkenna og starfsemi þeirra miði m.a. að því að standa vörð um ræktun í samræmi við þessa staðla, skrásetningu árangurs á samræmdan og öruggan hátt og gefa út upprunavottorð. Þátttaka félagsmanna í aðildarfélögum í þátttöku félagsskapar sem ekki er viðurkenndur sé litinn alvarlegum augum innan FCI og HRFÍ verður að bregðast við því enda getur annað haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir HRFÍ. Þannig er í kærinni tekið dæmi um útilokun aðildarfélagsins í Moldavíu frá starfsemi FCI sem ekki lengur getur á sýningum veitt CACIB sökum þess að nýr formaður félagsins var jafnframt formaður annars félagsskapar sem ekki var samþykkt af FCI. Þetta var ekki talið ásættanlegt af hálfu FCI og var lokað á öll samskipti við aðildarfélagið og því vísað frá þátttöku innan FCI þar til úr málinu væri leyst.

Ennfremur er í kærinni vísað til þess að lög HRFÍ geri ekki ráð fyrir viðurkenningu sjálfstæðra félaga utan vébanda HRFÍ heldur sé þar gert ráð fyrir að sérstakar stjórnarstofnanir, ræktunardeildir, séu stofnaðar sem fari með málefni einstakra hundakynja. Slíkar ræktunardeildir hafi ákveðið verksvið sem rúmist innan regluverks HRFÍ og FCI og sé undir eftirliti og starfi á ábyrgð stjórnar HRFÍ. Kærandi X bendir á að dobermann kynið hafi frá 2008 fallið undir Pincher, mastiff og fjallahundadeild en félagsmenn HRFÍ hafi ekki sótt um stofnun sérdeildar fyrir dobermann kynið.

Eins og fram hefur komið hefur kærði Y kosið að skila ekki inn skriflegum andmælum. Hann tjáði sig hins vegar munnlega um þau atvik sem fjallað er um og hann hefur viðurkennt að hafa verið stofnandi að Dobermann Íslandi og formaður stjórnar þess í upphafi auk þess að vera ábyrgðarmaður fyrir heimasíðu félagsins. Hann kveðst hins vegar ekki vera félagsmaður í dag og ekki hafa greitt félagsgjöld þar síðastliðin 2 – 3 ár. Þess skal getið að frásögn kærða Y fer ekki saman við upplýsingar á heimasíðu félagsins þar sem hann er talinn fullgildur félagsmaður enda þótt hann sé ekki skráður í stjórn félagsins. Þess utan viðurkenndi kærði Y að eiga enn sterk ítök í félaginu þannig að án aðkomu hans væri lítil sem engin starfsemi innan félagsins. Er kærði Y að þessu leyti missaga. Þar sem hann hefur ekki viljað skila neinum gögnum metur siðanefnd sönnunargildi frásagnar hans í samræmi við þær upplýsingar sem fást á netinu á vefsíðu sem kærði Y ber ábyrgð á auk þeirra skriflegu gagna sem liggja fyrir í málinu og sýna berlega að kærði Y hefur komið fram sem forsvarsmaður félagsskaparins í langan tíma. Verður við það miðað í úrskurði siðanefndar að kærði Y sé félagsmaður en auk þess varða meint brot hans einnig þátttöku í stofnun félagsins sem og aðkomu hans þá þegar óumdeilt er að hann var í félaginu og var formaður stjórnar þess.

Það er stjórnarskrárvarinn réttur hvers manns að stofna félag í lögmætum tilgangi og stjórnvöld hafa ekki heimildir til að leysa upp félag. Réttur þessi nær einnig til þess að standa utan félagsskapar. Með félagsaðild undirgengst maður hins vegar lög þess félags og getur með því án þess að það varði við stjórnarskrárvarinn rétt manns skuldbundið sig til að, á þeim tíma sem hann er félagsmaður, taka ekki þátt í annarri starfsemi sem ósamrýmanleg er þeim félagsskap sem hann er aðili að. Siðanefnd fellst á með kæranda X að með stofnun Dobermann Íslands, setu í stjórn þess félags, þátttöku í starfsemi þess sem og félagsaðild hafi kærði Y gerst sekur um þátttöku í starfsemi félagsskapar sem ekki er viðurkennt af HRFÍ og FCI. Þátttaka HRFÍ í FCI er stór og mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins og getur varðað félagið miklu að halda í heiðri viðmiðunum og reglum FCI enda hefur HRFÍ samþykkt það

með aðild sinni. Það er því mat siðanefndar að með þátttöku sinni í starfsemi Dobermann Íslands hafi kærði Y unnið gegn HRFÍ enda hefði framkoma forsvarsmanna félagsins getað skaðað HRFÍ. Þá er það mat siðanefndar að stofnun félagsins hafi verið gert í þeim tilgangi að sniðganga reglur HRFÍ sem gera ráð fyrir að stofnaðar séu ræktunardeildir sem starfi undir eftirliti og á ábyrgð stjórnar HRFÍ. Í lögum HRFÍ er þannig gert ráð fyrir að markmið félagsins náist fram með því að stofnaðar séu ræktunardeildir til þess að standa vörð um ræktun og ræktunarmarkmið tegunda skv. b. lið 3. gr. laga HRFÍ. Um stofnun og starfsemi ræktunardeilda er síðan nánar fjallað í VII. kafla laga félagsins. Kærði Y gerðist samkvæmt framansögðu brotlegur við grein 1.2 og 1.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn með þátttöku í stofnun og starfsemi Dobermann Íslands.

III. Þátttaka kærða Y í að gefa rangar upplýsingar um Dobermann Íslands og samband þess félags og tengsl við HRFÍ og FCI.

Meðal þeirra kvartana sem óskað er eftir að siðanefnd úrskurði um, er sú háttsemi kærða Y sem fulltrúa Dobermanns Íslands, að villa á félaginu heimildir og ranglega láta líta svo út að Dobermann Ísland starfaði undir merkjum HRFÍ og FCI. Þessu til stuðnings vísar kærandi X til samskipta kærða Y við Hans Wiblishauser, forseta Alþjóðlegu Dobermann samtakanna (IDC) sem og ritara félagsins Helmut Redtenbacher sem og samskipti þessara aðila við stjórn HRFÍ í framhaldinu. Af þeim bréfaskrifum sem liggja fyrir í málinu og kærði Y hefur viðurkennt að hafa staðið í er ekki hægt að líta fram hjá því að látið er liggja að því að Dobermann Ísland sé félagsskapur sem starfi undir merkjum HRFÍ og eins er ljóst að kærða Y mátti vera ljóst þegar hann stóð í þeim samskiptum að það var í óþökk stjórnar HRFÍ. Eins er ljóst að það var gert í þeim tilgangi að afla liðsauka og skapa þrýsting á stjórn HRFÍ að viðurkenna Dobermann Ísland. Og það enda þótt reynt hefði verið að gera kærða Y og öðrum stjórnarmeðlimum Dobermann Íslands ljóst að HRFÍ teldi sér ekki heimilt að viðurkenna slík sjálfstæð félög enda væri það andstætt því sem tíðkaðist innan FCI auk þess sem reglur HRFÍ gerðu ráð fyrir stofnun ræktunardeilda eins og ítrekað hefur komið fram en ekki viðurkenningu sjálfstæðra félaga sem stofnuð væru og hefðu sjálfstæða stjórn óháð eftirliti HRFÍ.

Þess utan er á það bent í kæru að Dobermann Íslands hafi sett merki HRFÍ sem og FCI inná heimasíðu félagsins í heimildarleysi og lengi vel ekki sinnt áskorun HRFÍ að taka niður merki félaganna. Þannig var merki FCI ekki fjarlægð af heimasíðu Dobermann Íslands fyrr en FCI

sjálft hafði samband við félagið og hótaði málssókn. Þessu hefur ekki verið mótmælt né sýnt fram á að þessar sakir séu rangar. Kærði Y hefur hins vegar borið því við að kærinni sé að þessu leyti ranglega að honum beint. Hann hafi staðið í þessum skrifum sem stjórnarmaður Dobermann Íslands en ekki persónulega. Þá sé hann ekki lengur í stjórn félagsins né félagsaðili. Siðanefnd fellst ekki á að kærufnið sé ranglega beint að kærða Y enda er í úrskurði þessum fjallað um hvort þátttaka hans í starfsemi annars félags sé samrýmanleg félagsaðild hans í HRFÍ og hvort hann hafi með þeirri þátttöku gerst brotlegur gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Þess utan viðurkenndi kærði Y að heimasíða félagsins og lén: [www.dobermann.is](http://www.dobermann.is) væri hans eign og á hans ábyrgð.

Siðanefnd telur að með bréfaskrifum sínum til erlendra samstarfsaðila FCI þar sem ranglega er látið líta svo út að Dobermann Ísland sé félagsskapur sem starfi undir merkjum HRFÍ og FCI hafi kærði Y unnið gegn hagsmunum HRFÍ. Sú háttsemi að birta merki HRFÍ á heimasíðunni ásamt merki FCI er afar ámælisverð og getur á engan hátt samrýmst starfsemi HRFÍ. Þvert á móti hefði háttalagið getað skaðað starfsemina og stefnt í hættu því farsæla samstarfi sem HRFÍ hefur átt við FCI og varðar félagið miklu. Með háttterni sínu telst kærði Y hafa gerst brotlegur við gr. 1.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### IV. Þátttaka í varnarþjálfun sem er andstæð grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Frá því er greint í kæru að kærði Y ásamt fleiri meðlimum Dobermann Íslands sé afar áhugasöm um árásar- og varnarþjálfun hunda sem séu hluti af svonefndu IPO prófi og að slíkar æfingar hafi verið stundaðar hér á landi á vegum Dobermann Ísland. Slíkt sé klárt brot gegn reglu 1.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Þessu til stuðnings er vísað til ábendinga og bréfaskrifa HRFÍ til tveggja aðila er þekktir eru fyrir að kenna varnarþjálfun erlendis og grunur lék á að væru að koma hingað til lands á vegum Dobermann Íslands í þeim tilgangi. Af umræðum er áttu sér stað á sáttafundum hjá siðanefnd eru ljóst að stór þáttur í missætti kærða Y við HRFÍ og ástæða þess að hann telur þarft að starfræktur sé félagsskapur utan vébanda félagsins er að hann telur það ekki þjóna ræktunarmarkmiðum tegundarinnar dobermann að leggja bann við þátttöku í varnarþjálfun. Kærði Y lýsti andstöðu sinni á þessari reglu og að hann myndi berjast fyrir afnámi reglunnar. Enda þótt það sé ekki ósennilegt í ljósi samskipta aðila að reynt hafi verið að fá menn hingað til lands í þeim tilgangi að kenna varnarþjálfun sem hefði verið brot þá liggur ekki fyrir sönnun þess efnis að slík þjálfun hafi

farið fram á vegum félagsins né að kærði Y hafi persónulega tekið þátt í slíkri þjálfun. Hann er hins vegar frjáls skoðana sinna og sannfæringar gagnvart reglum HRFÍ og er heimilt að tjá sig um þær. Siðanefnd fellst ekki á að sýnt hafi verið fram á brot kærða Y hvað þennan þátt kærunnar varðar.

V. Skaðleg ummæli í opinberum skrifum á spjallsíðunni Hundaspjallið.

Meðal umkvörtunarefna í kæru er opinber skrif kærða Y á spjallsíðunni Hundaspjallið en þar er hann undir ásökunum um að hafa gert lítið úr starfsemi og heilindum HRFÍ. Þetta telur kærandi X að sé andstætt reglu 1.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ sem kveði á um að félagsmenn skuli ávallt koma þannig fram að það skaði ekki eða vinni á móti HRFÍ. Fyrir í úrskurði þessum hefur verið fjallað um þá háttsemi kærða Y að villa á Dobermann Ísland heimildir og hefur þegar verið komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að láta líta svo út að Dobermann Ísland starfaði innan vébanda HRFÍ og FCI. Mörg þeirra ummæla sem vísað var til úrlausnar siðanefndar undir þeim formerkjum að kærði Y hefði viðhaft skaðleg ummæli á spjallsíðunni Hundaspjallið hafa áður komið til álita við mat siðanefndar á niðurstöðu á kæruefni sem fjallað er um í kafla III. hér að framan og þykir ekki efni til að taka þau ummæli fyrir aftur.

Í kærinni er kærði Y gefið að sök að hafa 20. nóvember 2009 afbakað og vanvirt logo HRFÍ með því að setja hakakross yfir lógóið. Þessu hefur kærði Y neitað en játað að hafa viðhaft eftirfarandi ummæli um hið afbakaða lógó sem hann hafi fundið á veraldarvefnum:

„Snilldarlogo sem er komið fyrir hið nýja HRFÍ. Swastikan (þó hún sé spegluð) á samt eflaust eftir að fara fyrir brjóstið á sumum...“

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og engum dylst að kærði Y er andsnúinn stjórn HRFÍ. Það er honum fyllilega heimilt að því marki sem það skaðar ekki né vinnur gegn félaginu sem hann er félagsmaður að. Uppbyggileg gagnrýni á stjórn félagsins er þáttur í þróun félagsins auk þess sem það veitir nauðsynlegt aðhald. Ummælin sem hér um ræðir eru hins vegar ósmekklegr, þau dæma sig sjálf en þar sem hann hefur ekki viðurkennt

að hafa sett hakakross yfir lógó félagsins getur siðanefnd ekki fallist á að hann hafi unnið gegn HRFÍ með ummælunum einum saman.

## VI. Viðurlög

Kærði Y hefur gerst sekur um að skaða hagsmuni HRFÍ og vinna gegn þeim með því að standa að stofnun og taka þátt í starfsemi ósamþykks félags að nafni Dobermann Ísland. Á sama hátt hefur hann gerst sekur um að villa á félaginu heimildir í opinberri umræðu og ranglega láta líta svo út að félagið starfaði undir merkjum HRFÍ og FCI. Með þeirri háttsemi telst hann hafa skaðað hagsmuni HRFÍ og unnið gegn félaginu. Þá hefur hann gerst sekur um að sniðganga reglur og ákvarðanir HRFÍ enda stofnaði hann félag í þeim tilgangi að standa vörð um hagsmuni Dobermann tegundarinnar en leitaði síðan eftir samþykki stjórnar HRFÍ á starfseminni enda þótt lög félagsins geri ráð fyrir stofnun ræktunardeilda innan HRFÍ eftir því sem mælt er fyrir um í VII. kafla laga HRFÍ. Enda þótt hann hafi ekki getað vænst samþykkis né hafi hann fengið slíkt samþykki hafði hann merki félagsins og merki FCI á heimasíðu Dobermann Íslands um langt skeið þrátt fyrir áskoranir um að fjarlægja merkin. Varðar háttsemin við reglu 1.2. og 1.4. í Grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Siðanefnd lítur brot kærða Y alvarlegum augum enda er aðild HRFÍ að FCI mikilvægt hagsmunamál fyrir félagið og félagsmenn þess. Þá voru brotin framin á löngum tíma og ítrekaðar tilraunir stjórnar HRFÍ til að skýra og leiðrétta rangfærslur kærða Y virtar að vettugi. Eins er ekki hægt að horfa framhjá því að stjórn reyndi sættir áður en málinu var vísað til siðanefndar með því að bjóða aðstoð um stofnun ræktunardeildar um dobermanntegundina innan ramma laga félagsins en kærði Y vildi ekki þekkjast það boð. Ekki er hjá því komist að vísa kærða Y úr félaginu næstu tvö ár í það minnsta frá birtingu úrskurðar þessa að telja. Að þeim tíma liðnum er kærða Y frjálst að sækja um félagsaðild en á þeim tíma fellur það í hlut stjórnar HRFÍ að meta hvort kærði Y uppfylli skilyrði 5. gr. a. laga félagsins um að gerast félagsmaður.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. IX reglugerðar um skráningu í ættbók HRFÍ er notkun ræktunarnafns bundin félagsaðild réttthafa þess. Af þeirri ástæðu er kærða Y ekki heimil notkun ræktunarnafns síns tvö ár í það minnsta og ekki fyrr en stjórn HRFÍ hefur samþykkt félagsaðild kærða Y að nýju.

VII. Niðurstaða

Kærða Y er vísað úr HRFÍ í tvö ár frá birtingu úrskurðar þessar að telja en að þeim tíma liðnum getur hann sótt um félagsaðild hjá stjórn HRFÍ.

Kærða Y er óheimilt að nota ræktunarnafn sitt meðan hann er ekki félagi að HRFÍ.

f.h. siðanefndar

*Sign:*

*Herdís Hallmarsdóttir*

*Hilmar Sigurgíslason*

*Kristín Sveinbjarnardóttir*